



Alþingi
Erindi nr. P 143/1619
komudagur 15.4.2014

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2014

1402041SA ÞBJ
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991, 392. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði dags. 2. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp.

Sambandið fékk frumvarpsdrög til umsagnar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og gerði þá ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

Í umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins var ein ábending þess efnis að í ljósi breytingar á tilkynningarskyldu vegna erlendar fjárfestingar væri ástæða til að endurskoða orðalag 3. mgr. 12. gr. laganna. Málsgreinin fjallar um að ráðherra skuli á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Í slíkri skýrslu eigi m.a. að koma fram upplýsingar um „heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum“. Verði frumvarpið að lögum munu væntanlega ekki liggja fyrir upplýsingar um heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum þar sem einungis hluti fjárfestinga verður tilkynningarskyldur og því ekki mögulegt fyrir ráðherra að veita Alþingi viðkomandi upplýsingar. Þar sem frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingu á umræddri málsgrein er fyrrnefnd ábending sambandsins ítrekuð.

Að öðru leyti gerir sambandið ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 143/1611
komudagur 14.4.2014

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

14. apríl 2014

Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 32/1991, með síðari breytingum

Með frumvarpinu er lagt til að nefnd um erlenda fjárfestingu verði lögð niður og jafnframt eru lagðar til einfaldanir á tilkynningarskyldu um erlenda fjárfestingu.

Samorka setur ekki fram sjónarmið um þau atriði er snúa sérstaklega að sjávarútvegi. Þá gera samtökin ekki athugasemdir við þær tillögur frumvarpsins er varða umhverfi orku- og veitufyrirtækja. Samorka hefur áður lýst því sjónarmiði samtakanna, m.a. í ályktunum aðalfunda, að umræða um málefni orku- og veitufyrirtækja snúist oft óþarflega mikið um eignarhald á auðlindum og veitukerfum. Hægt er að stýra starfsemi allra orku- og veitufyrirtækja mjög nákvæmlega í krafti laga og reglna án tillits til eignarhaldsins.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 143/1584
komudagur 9.4.2014



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

9. apríl 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum (nefnd lögð niður, takmörkun tilkynningarskyldu), 392. mál.

Samtök atvinnulífsins fagna þessu frumvarpi en með því er ætlunin að leggja niður nefnd um erlenda fjárfestingu og afnema almenna tilkynningarskyldu vegna erlendrar fjárfestingu. SA hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Samtökin veittu þann 20. febrúar sl. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu umsögn um drög að frumvarpinu þar sem sama afstaða kom fram.

Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í svokallaðri fjárfestingarvakt sem lagði fyrir ráðherra í júní 2013 ítarlegar tillögur um úrbætur sem ætlað er að hvetja til aukinnar erlendrar fjárfestingar og tóku þátt í mótun tillagnanna og styðja að þeim verði hrint í framkvæmt.

Virðingarfyllst,


Pétur Reimarsson,
forstöðumaður.

Alþingi
Erindi nr. P 143/1829
komudagur 13.5.2014

12. maí 2014
1405051

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd

Sendandi: Seðlabanki Íslands

Efni: Fyrirspurnir efnahags- og viðskiptanefndar 7. maí 2014

Vísað er til tölvubréfs nefndarritara, dags. 7. maí 2014, þar sem efnahags- og viðskiptanefnd óskaði eftir svörum Seðlabankans við tveimur fyrirspurnum, annars vegar varðandi gjaldeyrisforða og hins vegar í tengslum við 392. mál, fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (takmörkun tilkynningarskyldu, EES-reglur).

1. Svar við spurningum varðandi gjaldeyrisforða

a) Fyrirkomulag fjármögnunar gjaldeyrisforða:

Fjármögnun gjaldeyrisforðans er unnin í samstarfi Seðlabankans og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Forðinn hefur bæði verið fjármagnaður beint af Seðlabankanum og af ríkissjóði. Andvirði erlendar lántöku ríkissjóðs er fært yfir til Seðlabankans sem varðveitir gjaldeyrisforða í samræmi við lög. Ríkissjóður á því kröfu á Seðlabankann, að mestu í formi innstæðna.

b) Lántaki lána sem tekin eru til fjármögnunar gjaldeyrisforða og vaxtagreiðslur skulda og vaxtatekjur í forða:

Í töflum hér að neðan koma fram útistandandi lán ríkissjóðs og Seðlabanka, vaxtakjör á þeim og vaxtagreiðslur fyrir árið 2013. Einnig eru vaxtatekjur af forða Seðlabankans sama ár birtar.¹

¹ Rétt er að taka fram að vaxtatekjur Seðlabankans í erlendum gjaldeyri falla annarsvegar til vegna forða og hinsvegar vegna fyrirgreiðslna til innlendra fjármálafyrirtækja í formi lána og skiptasamminga í erlendri mynt. Tekjur af þeim fyrirgreiðslum flokkast ekki sem vaxtatekjur af forða, heldur sem innlendar vaxtatekjur og eru því ekki teknar til greina hér. Athuga ber að ávöxtun skuldabréfa í forða er bókfærð annarsvegar sem vaxtatekjur og hinsvegar sem verðendurmat, en verðbreytingarnar eru ekki teknar með hér.

Erlend lán ríkissjóðs og Seðlabanka

Erlend lán ríkissjóðs og Seðlabanka			Staða 1. maí 2014			Vaxtagreiðslur 2013		
Lántökudagur	Gjaldldagi	Staða ma.kr.	Gjaldmiðill	Grunnvextir	Vaxtaálag	Í ma.kr	Lántaki	
Markaðslán USD 2014	3.10.2004	10.3.2014	0	USD	4,38%	-	1,0	Ríkissjóður
Markaðslán GBP 2016	15.1.1981	31.1.2016	5,7	GBP	14,50%	-	0,6	Ríkissjóður
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	1.11.2008	2015-2022	89,1	XDR	SDR vextir	Frá 2,4% til 3,4%	1,8	Seðlabanki
Tvíhúðalán Noregur	31.12.2008	2018-2021	30,9	EUR	Euribor	2,75%	1,0	Seðlabanki
Tvíhúðalán Finnland	19.12.2009	2018-2021	20,5	EUR	Euribor	2,75%	0,6	Ríkissjóður
Tvíhúðalán Danmörk	21.12.2009	2018-2021	30,9	EUR	Euribor	2,75%	1,0	Ríkissjóður
Tvíhúðalán Svíþjóð	29.12.2009	2018-2021	31,8	EUR	Euribor	2,75%	1,0	Ríkissjóður
Markaðslán EUR 2025 (Avers)	1.6.2010	15.3.2025	36,8	EUR	Euribor	2,75%	1,3	Ríkissjóður
Tvíhúðalán Pólland	29.6.2010	2015-2022	7,8	PLN	PL ríkisbréfavx.	Frá 2,0% til 1,3%	0,3	Ríkissjóður
Markaðslán USD 2016	16.6.2011	6.16.2016	112,3	EUR	4,875%	-	5,6	Ríkissjóður
Markaðslán USD 2022	7.5.2012	5.11.2022	112,3	USD	5,875%	-	6,8	Ríkissjóður
Samtals:			478,1				21,0	

Vaxtatekjur af erlendum eignum Seðlabanka 2013



Vaxtatekjur 2013		
Seðlabanki	Í ma.kr	Eigandi*
Erlendar eignir	6,5	8Í

c) Mat á þörf fyrir gjaldeyrisforða innan gjaldeyrishafta:

Ákvörðun um stærð gjaldeyrisforða er hluti af efnahagsáætlun stjórnvalda eftir efnahagshrunið 2008. Sú áætlun var unnin í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) og byggist á greiðslujafnaðargreiningu sem unnin var af Seðlabankanum og AGS.

Helstu þættirnir sem hafa áhrif við mat á stærð gjaldeyrisforða eru: umgjörð peningastefnu (t.d. hvort rekin er fastgengisstefna eða láta gengið fljóta), aðgangur að fjármálamörkuðum, umfang utanríkisviðskipta, skuldir ríkissjóðs og erlendar skammtímaskuldir hins opinbera og einkageirans hvort sem er í krónum eða erlendri mynt.

Fjármagnshöftin og vel heppnaðar útgáfur ríkissjóðs á erlendum fjármálamörkuðum hafa dregið úr þörf Íslands fyrir gjaldeyrisforða. Skemmri lán hafa verið forgreidd til að draga úr vaxtakostnaði, auk þess sem innistæður slitastjórna hafa lækkað, og hefur gjaldeyrisforði því lækkað töluvert frá árinu 2012 eins og sjá má á mynd hér að neðan, samhliða því sem endurgreiðsluferill hefur verið lengdur.



Hins vegar er það mat Seðlabankans að við núverandi aðstæður, og í ljósi þess að stjórnvöld stefna að losun fjármagns eins fljótt og auðið er án þess að stefna stöðugleika í tvísýnu, sé ekki ráðlegt að draga verulega úr forða. Þótt óvíst sé hvenær höftin verði leyst sé mikilvægt að hafa nægan forða til taks þegar mikilvæg skref verði tekin, enda gæti lítill forði takmarkað lánsfjáraðgang ríkissjóðs. Til þess að draga úr kostnaði af lántökum vegna forðans er mikilvægt að halda áfram að skapa aðstæður sem draga úr vaxtakostnaði ríkissjóðs, m.a. með aðhaldsamri stefnu í ríkisfjármálum og markvissri lánastýringu, en nægur forði er ein af forsendum þess að hið síðarnefnda geti gengið eftir.

2. Svar við fyrirspurn tengdri máli 392, fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (takmörkun tilkynningarskyldu, EES-reglur):

Seðlabankinn aftar upplýsinga um erlendar fjárfestingar að mestu leyti með gagnasöfnun beint frá fyrirtækjum í beini fjárfestingu. Úrtak fyrir gagnasöfnun er að miklu leyti byggt á gögnum frá Ríkisskattstjóra en einnig öðrum gögnum, svo sem fréttum úr fjölmiðlum. Bankinn hefur ekki nýtt sér tilkynningar samkvæmt *Lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri* (nr. 34/1991).

Seðlabankinn telur að trúnaðarskylda vegna söfnunar gagna vegna hagskýrslugerðar komi í veg fyrir að hann geti deilt upplýsingum til annarra opinberra aðila, en kveðið er á um trúnaðarskylduna í: *Grundvallarreglum um opinbera hagskýrslugerð í ríkjum Sameinuðu þjóðanna*, sem Ísland gerðist aðili að 15. apríl 1992 og voru samþykktar á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 29. janúar 2014, svo og verklagsreglum í hagskýrslugerð sem gefnar voru út af Forsætisráðherra 9. júní 2006 (Nr. 578). Að auki bryti það í bága við innri reglur Seðlabankans um meðferð hagskýrslugagna og trúnað starfsmanna Seðlabankans skv. 35. gr. laga um Seðlabanka Íslands (Nr. 36/2001).

Seðlabankinn birtir ársfjórðungslega upplýsingar um fjárfestingar erlendra aðila í greiðslujafnaðaruppgjöri samkvæmt stöðlum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og væntanlega nægir það til að upplýsa um erlenda fjárfestingu sbr. 2. mgr. 5. gr. laga. Bankinn telur ekki þörf á að umrætt ákvæði verði í lögum, þar sem þessar upplýsingar eru hluti af staðlaðri birtingu samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og því óþarft að kveða sérstaklega á um þau í lögum.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Sturla Pálsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 143/1628
komudagur 16.4.2014



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2014

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum (nefnd lögð niður, takmörkun tilkynningarskyldu). (392. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er lagt til að nefnd um erlenda fjárfestingu verði lögð niður og dregið verði úr tilkynningarskyldu vegna erlendra fjárfestinga. Viðskiptaráð telur brýnt að bæta umhverfi fjárfestinga hérlendis og að mati ráðsins eru þessar breytingar skref í rétta átt.

Jákvæð áhrif beinna erlendra fjárfestinga á atvinnulífið eru veruleg og flest ríki heims keppast við að laða slíkar fjárfestingar að með markvissum hætti. Margvíslegur ávinningur getur fylgt beinni erlendri fjárfestingu eins og Viðskiptaráð hefur bent á í málefnavarfi sínu.¹ Meðal veigamestu þáttanna má nefna aukið fjármagn til atvinnuuppbyggingar og þá auknu fjölbreytni í atvinnulífinu sem oft leiðir af beinum erlendum fjárfestingum. Þannig styður erlend fjárfesting við fjölgun starfa, auknar skatttekjur hins opinbera og bætt lífskjör. Þá fylgja slíkri fjárfestingu oft en ekki þekking og tengslanet þeirra sem leggja fram fé, sem getur skapað frekari viðskiptatækifæri fyrir móttökuríkið.

Í fjölda fræðigreina hefur verið sýnt fram á að þau lönd sem eru opin fyrir beinni erlendri fjárfestingu búi almennt við sterkari hagvöxt en hin sem loka landi sínu fyrir slíkum fjárfestingum. Eins og fram kom í flutningsræðu ráðherra á Alþingi ættu hin jákvæðu áhrif erlendra fjárfestinga á íslenskan efnahag og atvinnulíf að vera öllum ljós.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir er Ísland á meðal þeirra OECD þjóða sem setja hvað mestar hindranir á erlenda fjárfestingu.² Afleiðing þessa er sú að erlendar fjárfestingar hér á landi eru takmarkaðri og einhæfari en ella. Þannig hefur sú beina erlenda fjárfesting sem hefur átt sér stað á Íslandi síðustu áratugi að mestu einskorðast við orkufrekan iðnað á meðan aðrar atvinnugreinar njóta minni áhuga alþjóðlegra fjárfesta.

Hindranir á beina erlenda fjárfestingu á hinum Norðurlöndunum eru aftur á móti vel undir meðaltali OECD. Það sama á við um önnur ríki sem við berum okkur yfirleitt saman við og standa einungis Mexíkó, Japan og Nýja-Sjáland Íslandi að baki í þessum efnum. Af þessu er ljóst að auka þarf samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að erlendum fjárfestingum.

¹ http://www.vi.is/files/bein_erlend_fjarfesting_726476091.pdf

² <http://www.oecd.org/investment/fdiindex.htm>

Að mati Viðskiptaráðs eru breytingarnar sem koma fram í þessu frumvarpi skref í rétta átt. Við mat á áhættu og hagnaðarvon í tengslum við fjárfestingar skiptir stöðugt lagaumhverfi og fyrirsjáanleiki í framkvæmd miklu máli. Með því að draga úr þeirri tilkynningarskyldu sem lög nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri kveða á um og leggja niður nefnd um erlenda fjárfestingu er ferlið við fjárfestingar hérlendis einfaldað og gert bæði skýrara og fyrirsjáanlegra.

Tilkynningarskyldan sem hvílir á erlendum fjárfestum hefur ekki einungis reynst íþyngjandi fyrir fjárfesta og eftirlitsaðila heldur hefur hún einnig haft áhrif á einkunnir fyrir fjárfestingaumhverfi Íslands hjá stofnunum á borð við OECD. Þá hefur eftirlitsstofnun EFTA (ESA) komist að þeirri niðurstöðu að tilkynningarskyldan gangi gegn ákvæðum EES samningsins.³

Tilvist nefndar um erlenda fjárfestingu hefur einnig dregið úr samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að erlendum fjárfestingum. Það fyrirkomulag, að allar erlendar fjárfestingar séu bornar undir sérstaka þingskipaða nefnd, gefur til kynna tregðu til að heimila fjárfestingar erlendra aðila hér á landi auk þess sem matskennd og ógagnsæ stjórnsýsluframkvæmd hefur fælingaráhrif á fjárfesta. Verður það því strax til bóta að leggja niður umrædda nefnd.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið eru breytingarnar sem það kveður á um aðeins fyrsta skrefið í heildarendurskoðun á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í innlendum atvinnurekstri. Samstaða virðist vera um það á Alþingi að mikilvægt sé að efla fjárfestingu í íslensku atvinnulífi en hægt hefur gengið að ná fram umbótum á þessu sviði.

Að mati Viðskiptaráðs eru margvísleg tækifæri til umbóta á lagaumhverfi erlendra fjárfestinga. Má til dæmis nefna að núverandi löggjöf um eignarhald erlendra aðila í sjávarútvegi og orkufyrirtækjum sníður fyrirtækjum mjög þröngan stakk hvað varðar aðkomu erlendra aðila að eigendahópi þeirra. Ljóst er að miklir hagsmunir eru í húfi enda eru auðlindagreinarar hryggjarstykki innlendrar verðmætasköpunar og útflutnings hagkerfisins. Það er engu að síður full ástæða til að endurmeta núverandi fyrirkomulag með heildstæðum hætti í samráði við hagsmunaaðila. Kanna ætti möguleika þess að verja innlenda hagsmuni í ríkari mæli með ramma um nýtingu auðlinda fremur en takmörkunum á eignarhaldi, til að mynda í takt við það sem kemur fram í umsögn Samorku um frumvarp þetta.

Viðskiptaráð telur að í það minnsta megi aflétta banni við erlendu eignarhaldi á félögum sem eingöngu stunda vinnslu sjávarafurða hér á landi. Þannig má auka flæði fjármagns inn í landið og slíkum fjárfestingum kann að fylgja betri tækni eða ný verkþekking sem leiðir til aukinnar framleiðni. Með þessum hætti væri hægt að auka atvinnu- og verðmætasköpun í greininni.

Til viðbótar þessu er það mat Viðskiptaráðs að tímabært sé að endurskoða lög nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Flóknar reglur og endanlegt úrskurðarvald ráðherra hafa fælingaráhrif á fjárfesta og deila má um hvort eðlilegt sé að setja erlendum aðilum utan EES svæðisins svo þröngar skorður um fjárfestingu í fasteignum.

Að lokum gerir Viðskiptaráð athugasemd við heimild ráðherra til að stöðva fjárfestingar í ákveðnum tilfellum, sem kveðið er á um í 12. gr. laganna. Samkvæmt núgildandi lögum þarf ráðherra að bera slíka ákvörðun undir nefnd um erlenda fjárfestingu, en nái frumvarp þetta fram að ganga verður ákvörðunin einungis háð mati ráðherra. Eins og áður sagði er mikilvægt að lagaumhverfi og stjórnsýsluframkvæmd séu skýr og fyrirsjáanleg. Matskennd lagaákvæði draga úr trausti á fjárfestingaumhverfinu.

³ Sjá rökstutt álit ESA dags. 12 febrúar 2014, ákvörðun nr. 54/14/COL.

Þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin um mögulegar breytingar eru einungis dæmi sem snúa að lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri en auka má samkeppnishæfi íslensks fjárfestingaumhverfis með ýmsum öðrum aðgerðum.

Nú eru tæp tvö ár liðin frá því að Alþingi ályktaði um stefnu um að efla fjárfestingu hérlendis og auka samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að beinni erlendri fjárfestingu. Þrátt fyrir það hafa enn ekki verið gerðar marktækar umbætur á umhverfi fjárfestinga. Í umsögn sinni um þingsályktunartillöguna gerði Viðskiptaráð athugasemd við það hversu tafsamt það ferli sem tillagan gerði ráð fyrir stefndi í að verða.⁴

Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að gera það að forgangsverkefni að bæta lagaumhverfi fjárfestinga hérlendis og auka samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að beinni erlendri fjárfestingu.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands

⁴http://www.vi.is/files/385.%20m%C3%A1l%20beinar%20erlendar%20fi%C3%A1rfestingar_72317725_1.pdf